

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Mars 2021

Almennt atvinnuleysi var 11,0% í mars

Almennt atvinnuleysi var 11,0% í mars og minnkaði úr 11,4% í febrúar. Atvinnuleysið var 11,6% í janúar, 10,7% í desember og 10,6% í nóvember. Vinnumálastofnun spáir því að almennt atvinnuleysi minnki áfram í apríl m.a. vegna árstíðarsveiflu og sérstakra atvinnuátaka stjórnvalda og verði á bilinu 9,8% til 10,2%.

Alls voru 21.019 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok marsmánaðar og fækkaði um 333 frá febrúarlokum. Í minnkaða starfshlutfallinu voru 4.186 atvinnulausir í lok mars eða um 1,1%. Samtals voru því 25.205 manns atvinnulausir í lok mars og samanlagt atvinnuleysi því 12,1%.


Alls höfðu 6.207 almennir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars, en voru 4.719 í febrúarlok 2021. Hins vegar voru þeir 2.198 í marslok 2020. Hefur þeim því fjölgað um 4.009 milli ára.

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í mars 2021 frá mánuðinum á undan, mest m.a.í ferðatengdri

starfsemi eins og gisti- og veitingaþjónustu svo og í iðnaði.

Alls komu inn 1.583 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar um 88%, önnur teljast almenn störf. Flest starfanna eða 49%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 11% á Vesturlandi. Þá eru 26% annars staðar á landinu.

Í mars tóku 3.383 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 1.014 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Þá var 641 einstaklingur skráður í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 314 einstaklingar voru skráðir í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn. Í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum voru 827 einstaklingar.




Atvinnuástand eftir svæðum

Samanlagt atvinnuleysi í almenna kerfinu og í minnkaða starfshlutfallinu minnkaði alls staðar á landinu nema á Norðurlandi vestra þar sem það breyttist lítið. Hlutfallslega minnkaði það mest á Norðurlandi eystra og Vesturlandi og meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Mesta atvinnuleysið var á Suðurnesjum eða 24,6% þar sem það minnkaði úr 25,4% í febrúar. Næstmest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu þar sem það minnkaði úr 12,1% í febrúar í 12,0% í mars og á Suðurlandi þar sem það minnkaði úr 11,8% í febrúar í 11,4% í mars. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 5,6% og á Vestfjörðum 5,8%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá heildaratvinnuleysi eftir landshlutum og hvernig það skiptist í almennt atvinnuleysi og minnkað starfshlutfall.


Skipting atvinnuleysis í almennt og minnkað eftir landsvæðum



Almenna atvinnuleysið er mest á Suðurnesjum eða 23,2% og minnkaði úr 24,0% í febrúar. Næst mest er almenna atvinnuleysið 10,9% á höfuðborgarsvæðinu og lækkar úr 11,0% frá því í febrúar.


Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig almennt atvinnuleysi hefur þróast eftir landsvæðum.

Þróun almenns atvinnuleysis eftir svæðum



Heildaratvinnuleysi karla er nú 12,3% (11,2% í almenna kerfinu) en 12,0% meðal kvenna (10,9% í almenna kerfinu).

Heildaratvinnuleysi er hærra meðal karla en kvenna á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra. Á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum er heildaratvinnuleysi svipað hjá körlum og konum. Annars staðar á landsbyggðinni er atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla. Á Suðurnesjum er atvinnuleysið mun meira meðal kvenna en karla, eða 27,5% hjá konum en 22,6% hjá körlum.



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Almennir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru 21.019 í lok mars, 11.556 karlar og 9.463 konur. Hefðbundið atvinnuleysi í mars þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 11,0% og minnkaði úr 11,4% í febrúar.

Alls var 2.301 almennur atvinnuleitandi á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars í ár og hefur fækkað um 54 frá febrúar 2021 en fjölgað um 476 frá mars 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 1.825.

Lengd á skrá

Alls höfðu 6.207 almennir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars, en voru 4.719 í febrúarlok 2021. Hins vegar voru þeir 2.198 í marslok 2020. Hefur þeim því fjölgað um 4.009 milli ára. Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði frá

febrúar og voru 7.440 í lok mars en 8.042 í lok febrúar. Í mars 2020 var þessi fjöldi 2.459.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í mars 2021 frá mánuðinum á undan, mest í atvinnugreinum tengdum ferðaþjónustu, þ.e. gisti- og veitingaþjónustu en einnig í iðnaði. Hins vegar jókst atvinnuleysi lítilsháttar í opinberri þjónustu sem snýr að fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði mest atvinnulausum í mars frá því í febrúar meðal véla og- verkafólks en í þeim starfsgreinum fækkar yfirleitt yfir vor og sumarmánuði. Einnig fækkaði atvinnulausum við þjónustustörf og meðal sérmenntaðra. Þegar tölur eru bornar saman milli ára er fjölgun atvinnulausra frá mars 2020 minnst í sjávarútvegstengdum greinum, meðal verkafólks og iðnaðarmanna. Mest fjölgaði atvinnulausum meðal skrifstofufólks, sérmenntaðra og starfsmanna við ýmis þjónustustörf.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 8.455 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 216 frá febrúar. Mesta fækkun meðal atvinnulausra erlendra ríkisborgara var í gistinga- og veitingagreinum og í ýmissi þjónustu. Þessi fjöldi samsvarar um 24% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Auk almennra atvinnuleitenda voru einnig erlendir ríkisborgarar á hlutabótaleið eða alls 1.210 og má gera ráð fyrir að heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið nálægt 25,8% í mars.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá er nú um 40%.




Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 4.075 sem er um helmingur allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok mars 2021



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2021



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í mars gaf Vinnumálastofnun út 208 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 80 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 128 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 64 leyfi. Þá voru gefin út 33 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og 30 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 43%. Um 18% vegna starfa sérhæfðs iðnverkfólks og 16% vegna starfa verkafólks. Um 23% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar var 21 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2021 með samtals 84 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 170 í mars á vegum 13 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 70%, 13% frá Litháen og 11% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 6% starfsmanna, komu frá fjórum öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars voru gefin út 150 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 108 einstaklingar, níu fóru til Litháen og sex til Tékklands. Þá voru gefin út 27 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2021



■ Pólland ■ Litháen ■ Tékkland ■ Spánn ■ Annað

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í mars voru gefin út 49 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 18 vottorð, níu vottorð til Slóvakíu og þrjú til bæði Tékklands og Hollands. Þau sem eftir standa eða 16 vottorð voru gefin út til 12 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í mars

Alls komu inn 1.583 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða flest voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 468 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar um 88%, önnur teljast almenn störf. Flest starfanna eða 49%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 11% á Vesturlandi. Þá eru 26% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	368	23%
Þjónustustörf	392	25%
Afgreiðslustörf	121	8%
Iðnaðarmenn	216	14%
Verkafólk í þjónustu	468	30%
Verkafólk í iðnaði, landb. o.fl.	18	1%
Samtals	1.583	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í mars tóku 3.383 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 500 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 1.014 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið en einnig fóru margir á önnur starfstengd námskeið. Þá var 641 einstaklingur skráður í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 314 einstaklingar voru skráðir í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar

og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í mars unnu 64 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 827 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í mars 2021



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Þdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum